



Aðlögun 2026-2027

Að byrja í leikskóla getur verið stórt skref og ný reynsla, bæði fyrir nemendur og foreldra. Óhætt er að segja að samstarf heimilis og skóla er mikilvægt og þarf traust og virðing að ríkja í þeim samskiptum ef vel á að ganga. Með gagnkvæmri samvinnu og trúnaði á milli er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum.

- ♥ Aðlögun er sá tími sem nýtt barn kynnist starfsfólki, bornum og húsakynnum leikskólans
- ♥ Aðlögun tekur oftast um fimm daga. Foreldri og starfsmenn meta hvernig hefur gengið og ákvarða framhald ef þörf þykir, annars er formlegri aðlögun lokið. Mælst er með að sækja born í fyrra fallinu fyrstu dagana eftir aðlögun.
- ♥ Þessir dagar eru mjög mikilvægir fyrir barnið til að stuðla að vellíðan þess í leikskólanum í framtíðinni.

Í leikskólanum nýtum við samskiptaforritið **Karellen**. Hægt er að skrá sig inn á vefsíðuna karellen.is en einnig er hægt að sækja appið. Þar koma inn myndir og upplýsingar um mat og svefn. Hægt er að senda skilaboð þar inni og skrá fjarveru.

Foreldrar fá aðgang um leið og barnið er skráð í leikskólann.

Notendanafn: kennitala þess sem skráir sig inn (foreldri)

Lykilorð: Fyrri nafn barns með stórum staf í byrjun, punktur og fyrstu fjórir tolustafirnir í kennitölu barns. Hægt er að breyta um lykilorð inni á heimasíðunni karellen.is

Dagur 1 – Foreldri og barn koma kl. 9:00-10:00

- ♥ Við kolum þetta heimsókn, barnið fær að leika sér ef það vill í stutta stund

Dagur 2 – Mæting kl. 9:00-11:30

- ♥ Barnið dvelur með foreldri í leiktíma og kynnist starfinu lítillega og fer síðan heim

Dagur 3 – Mæting á tilsettum tíma – 12:00

- ♥ Nú lengist dvolin og barnið tekur þátt í fastri starfsemi með foreldri. Foreldri viku sér frá í smá stund ef hægt er en aldrei án þess að barnið sé vel meðvitað og samþykki. Barnið borðar hádegismat og fer síðan heim.

Dagur 4 – Mæting á tilsettum tíma – vaknar

- ♥ Ef barn er tilbúið er það skilið eftir þegar morgunmat lýkur og sótt eftir hvíld. Annars er dagurinn svipaður og á undan nema barnið borðar hádegismat og tekur hvíld. Foreldri sækir barn um leið og það vaknar.

Dagur 5 – Mæting á tilsettum tíma – vaknar

- ♥ Foreldri og barn mæta á tilsettum tíma og dvelja saman yfir morgunverð. Barn er svo skilið eftir og sótt eftir hvíld.

Starfsfólk Yls

Skólastjóri: Huld Aðalbjarnardóttir huld@reykjahlidarskoli.is

Aðstoðarskólastjóri: Karen Ósk Kristjánsdóttir karenosk@reykjahlidarskoli.is

Auður Filippusdóttir, leiðbeinandi/Krafla

Bianca Maria Paregger, leiðbeinandi/Krafla

Bjarni K. Thors, leiðbeinandi/Krafla

Carmen G. Ramos Bjornsson, leiðbeinandi/Askja

Mavis Owusu Afriyie, leiðbeinandi/Krafla

Sandra Haraldsdóttir, leikskólakennari og deildarstjóri á Öskju/Askja

Sigríður Anna Jónsdóttir, leiðbeinandi/Askja

Zorka Maisarová, leikskólakennari/Krafla

Stuðningsfólk

Rut Sigríður Guðmundsdóttir

Fatnaður í leikskólanum

Aukafatnaður innandyra

Plastkassar eru inni hjá skiptiaðstoðunni þar sem geymd eru aukaföt.

Ef barn fer heim með óhrein fót þarf að koma með aukaföt daginn eftir. Hér er það sem þarf að vera í plastkassanum á hverjum degi:

- ♥ 2 nærbuxur (fleiri ef barn er að hætta með bleyju)
- ♥ 2 bolir/samfellur
- ♥ 2 sokkapor
- ♥ 2 buxur
- ♥ 1 peysa



Útiföt

Útiföt eru geymd í hólfum barnanna. Til að auðveldara sé fyrir bornin að finna fotin sín er betra að hafa ekki of mikið af fótum á snaganum.

Það sem er gott að hafa

Hlú innanundir fót

- ♥ Ullar- eða flíspeysa
- ♥ Ullar- eða flísbuxur
- ♥ 1-2 por af ullarsokkum

Kalt/snjór

- ♥ Snjógalli (betra að hafa band undir skóna)
- ♥ Kuldaskór
- ♥ Úlpa
- ♥ 1-2 por af vettlingum
- ♥ 1 hlú húfa



Rigning

- ♥ Regnjakki og regnbuxur (eða annar vatnsheldur fatnaður)
- ♥ Stígvél
- ♥ 1-2 por af vettlingum (pollavettlingar og hljír ullarvettlingar)
- ♥ 1 góð húfa



Hlítt veður

- ♥ Þunnur jakki og útiþeysa
- ♥ Þunn húfa eða buff
- ♥ Þunnir vettlingar
- ♥ Strigaskór
- ♥ Sólarvorn

